

Ed. 124. Frumvarp til laga [110. mál]

um útflutningsgjald af grásleppuafurðum.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980.)

1. gr.

Greiða skal útflutningsgjald af íslenskum grásleppuhrognum og öðrum afurðum sem unnar eru úr grásleppu.

Til grásleppuafurða telst grásleppuafli, sem skip skrásett hér á landi veiða, og vörur, sem úr honum eru unnar til sölu á erlendum mörkuðum.

2. gr.

Útflutningsgjald samkvæmt lögum þessum skal vera 4.5% af f. o. b. verðmæti útflutnings.

3. gr.

Ríkissjóður annast innheimtu útflutningsgjaldsins, og skiptast tekjur af því sem hér segir:

- | | |
|---|-----|
| 1. Til greiðslu iðgjalda af líf-, slysa- og örorkutryggingum skipverja sams konar þeim, sem samið er um í heildarkjarasamningum sjómanna og útvegsmanna | 30% |
| 2. Til aflatryggingasjóðs grásleppuveiðimanna samkvæmt sérstökum lögum um slíkan sjóð | 19% |
| 3. Til Fiskveiðasjóðs Íslands vegna nýsmíði grásleppuveiðibáta og til byggingar birgða-, verkunar- og umpökkunarstöðvar | 18% |
| 4. Til Samtaka grásleppuhrognaframleiðenda | |
| a) Til félagsmálastarfsemi S.G.H.F. | 20% |
| b) Til reksturs birgða-, verkunar- og umpökkunarstöðvar | 10% |
| 5. Til Sölustofnunar lagmetis | 3% |

4. gr.

Sá hluti tekna af útflutningsgjaldi, sem verja skal til greiðslu á iðgjöldum samkvæmt 1. lið 3. gr. skal vera í vörslu Samtaka grásleppuhrognaframleiðenda, sem semur um umræddar tryggingar í einu lagi og greiðir iðgjöld af þeim. Verði tekjuafgangur af sjóðnum skal hann lagður til Fiskveiðasjóðs samkvæmt 3. lið 3. gr. Stefnt skal að því að eftirstöðvar verði eigi minni hverju sinni en sem nemur 1/3 áætlaðra iðgjalda næsta árs. Eignir sjóðsins ávaxta samtökin með bestu fánlegum vaxtakjörum bankakerfisins.

5. gr.

Gjald samkvæmt 2. gr. skal miða við söulverð með umbúðum í samræmi við ákvæði 5. gr. laga nr. 5/1976. Séu afurðir fluttar milli innlendra hafna í því skyni að auðvelda útflutning eða til að umpakka vöru til að tryggja rétta vigt og vörugæði, er heimilt að reikna útflutningsgjald af f. o. b. verðmæti frá endanlegri útflutningshöfn.

6. gr.

Útflutningsgjald fellur í gjalddaga um leið og skip er afgreitt úr höfn eða áður en lagt er af stað til útlanda, ef enngar afgreiðslu er beiðst. Sjávarútvegsráðuneytið getur þó ákveðið, að útflytjendur megi greiða gjaldið, þegar gjaldeyrissskil eru gerð, enda sé tryggt, að þau fari fram fyrir milligöngu íslensks banka, og sé tollyfirvaldi fengin ávísun á væntanlegt gjaldeyrisandvirði fyrir gjaldinu.

7. gr.

Hver, sem sendir vörur þær til útlanda, sem ræðir um í lögum þessum, er skyldur til að fá hlutaðeigandi lögreglustjóra eða innheimtumanni ríkissjóðs í hendur samrit eða staðfest eftirrit af farmskirteinum eða öðrum hleðsluskirteinum, útflutningsskýrslu, vörureikningi og matsvottorði, ef með þarf, svo og útflutningsleyfum, er út hafa verið gefin um farminn, og skal það gert áður en skip er afgreitt eða leggur frá landi. Ef engin hleðsluskjöl hafa verið gefin út, kemur í þeirra stað yfirlýsing sendanda um vörumagnið gefin að viðlögðum drengskap. Ákvæði þessarar greinar um sendanda eiga einnig við um skipstjóra, ef sendandi er fjarverandi eða gætir eigi skyldu sinnar, og hið sama er um afgreiðslumann skipa. Gjaldið skal talið eftir skilríkjum þeim, er um getur í þessari grein.

8. gr.

Skip og farmur eru að veði fyrir útflutningsgjaldi, eftir því sem við getur átt.

9. gr.

Lögreglustjóri, tollstjóri eða aðrir innheimtumenn ríkissjóðs skulu gera reikningsskil fyrir útflutningsgjöldum skv. lögum þessum, eftir því sem fjármálaráðuneytið og reglur um opinber reikningsskil mæla fyrir.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum. Auk þess skal sendandi, skipstjóri eða afgreiðslumaður, sem verður sannur að sök um að hafa skýrt rangt frá farmi, greiða þrefalt það útflutningsgjald, sem reynt var að draga undan. Sektir allar renna í ríkissjóð. Ef lögreglustjóri eða innheimtumaður hefur grun um, að skilríki þau, sem um getur í 7. gr., séu röng, skal hann rannsaka farm skipsins, áður en það er afgreitt eða það lætur frá landi, eða á annan hátt útvegar þær skýrslur, sem með þarf í þessu efni. Kostnaðinn, sem af þessu leiðir, skal skipstjóri greiða, ef skilríkin reynast röng, en ella ríkissjóður.

11. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

12. gr.

Ríkisbókhaldið skal annast gerð sérstakra heildarskýrslna um ráðstöfun tekna af útflutningsgjaldi, sem birta skal eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Skýrslur þessar skulu þannig gerðar, að auðvelt sé að fá yfirsýn yfir allar greiðslur til verkefna samkvæmt 3. gr. laga þessara.

13. gr.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð frekari fyrirmæli um framkvæmd þessara laga.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1981 og taka til allra afurða samkvæmt lögum þessum, sem út verða fluttar frá sama tíma.

Jafnframt falla úr gildi:

1. Ákvæði 3. gr. laga nr. 25 11. maí 1978, um breyting á lögum nr. 48 26. maí 1972, um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins, sbr. lög nr. 69 23. maí 1974, um breyting á þeim lögum, að því er varðar fullvinnslugjald af grásleppuhrognum og hluta þess, er greiða skuli til Samtaka grásleppuhrognaframleiðenda.
2. 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 5 13. febrúar 1976, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Auk 4.5% útflutningsgjalds, sem greiða skal samkvæmt 1. gr. laga þessara, skal greiða 1% gjald af þar greindum afurðum, sem út eru fluttar á tímabilinu 1. apríl 1981 til 31. mars 1982. Tekjur af þessu 1% útflutningsgjaldi skulu renna til Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins.

Gjald þetta skal á lagt og innheimt samkvæmt ákvæðum laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Veiði grásleppu og verkun grásleppuhroгна hefir verið nokkuð jöfn og stöðug hér á landi um alllangt skeið. Seinustu árin hefir Hafrannsóknastofnunin haldið uppi rannsóknnum á stofnstærð grásleppu svo að unnt væri að taka í taumana, ef veiðarnar stofnuðu stofninum í hættu. Gæðakröfur hafa verið hertar og gæðaeftirlit er nú strangt bæði varðandi meðferð vörunnar á sjó og landi og það húsnæði, þar sem hrognin eru söltuð svo og umbúðir.

Leyfi til veiðanna eru veitt af sjávarútvegsráðuneytinu og gildir nú um það reglugerð nr. 105/1980. Þar er sett sú meginregla, að veiðileyfi skulu bundin við báta 12 brúttórumlestir og minni. Þar er landinu skipt í veiðisvæði og veiðitímabil á hverju svæði ákveðin. Þar eru og sett ákvæði um vörumeðferð og vörugæði á sjó og landi svo og ákvæði um eftirlit með að þessum ákvæðum sé fullnægt. Þá er og ákveðin möskvastærð neta og hve mörg net megi hafa í sjó, um merkingar þeirra o.þ.h. Rík skylda er lögð á leyfishafa um skýrslugerð og skil á slíkum skýrslum til Fiskifélags Íslands, svo og um eftirlit Landhelgisgæslu og veiðieftirlitsmanna ráðuneytisins með því, að öllum reglum um veiðarnar sé framfylgt.

Leyfishafar fá með leyfunum reglugerðina sjálfa svo og frekari leiðbeiningar og eyðublöð fyrir veiðiskýrslur.

Veiðar þessar hafa a. m. k. síðan 1970 verið stundaðar nokkuð jafnt og þétt og aflasveiflur ekki verið miklar. Útflutningur á tímabilinu 1970—1980 hefir verið sem hér segir (tunnur):

1970	11 943	1976	21 429
1971	11 244	1977	15 616
1972	9 381	1978	13 149
1973	16 745	1979	12 842
1974	9 311	1980	16 765
1975	17 159		

Meðaltal allra árana er 14 144 tonn en meðaltal árana 1975—1980, sem hér á eftir verður stuðst við, er 16 160 tonn. En auk þessa hafa hin síðari ár verið lögð niður hér innanlands um 10—12% af ársframleiðslunni.

Ef litið er á útflutninginn á árunum 1975—1980, gæti f.o.b.-verð útfluttrar tunnu numið um kr. 165 000 og meðalútflutningsverðmæti sömu ára um kr. 2 666 400 000. 4.5% útflutningsgjald af þessari upphæð næmi þá kr. 119 988 000.

Eins og fyrr segir veitir sjávarútvegsráðuneytið leyfi til grásleppuveiða. Reynslan, a. m. k. seinustu ár, hefir orðið sú, að miklu fleiri hafa sótt um leyfi en þeir, er notað hafa þau. Seinustu fjögur ár hefir reynslan orðið þessi:

	Útgefin leyfi	Notuð leyfi	
1977	687	521	76%
1978	618	436	71%
1979	524	350	67%
1980	525	um 320	61%
Alls:	2 354	1 627	

Í hópi þeirra, sem grásleppuveiðar stunda, er nokkur hluti, sem veiðarnar stundar sem ígripavinnu, en allur þorinn mun stunda þær að staðaldri á leyfðlegum veiðitímabilum og þá í langflestum tilfellum sömu mennirnir. Þessi hópur manna hefir nú komist að þeirri niðurstöðu, að hagsmunir þeirra fara saman á mörgum sviðum og þeirra verði best gætt með því að þeir myndust samtökum til að standa vörð um þá.

Þetta leiddi til þess að talsverður hópur þeirra réðst í að stofna með sér samtök 12. nóvember 1977 og hlutu þau nafnið Samtök grásleppuhrognafraamleiðenda (S.G.H.F.). Fljótlega var ráðinn framkvæmdastjóri í hlutastarf, en síðan, á fyrri hluta þessa árs, hefir hann verið í fullu starfi. Á þessu sumri og hausti hefir hann ferðast um nánast allt land og leitast við að hafa persónulegt samband við sem allra flesta grásleppuveiðimenn, aðallega til að leita eftir aðild þeirra að samtökunum, en einnig til að kynna fyrir þeim þær hugmyndir, sem stjórn S.G.H.F. hefur um að rétt sé að leggja með lögum útflutningsgjald á grásleppuafurðir, og tekjum af því verði varið til að kosta ýmsa rekstrarþætti grásleppuútgæðarinnar, koma betri skipan á stofnlánamál þeirra, stofna sameiginlegan ábyrgðarsjóð, ef aflabrest bæri að höndum, og til að efla samtökin og kosta starfsemi þeirra.

Nú er svo komið, að allur þorri grásleppuveiðimanna, sem stunda veiðarnar að gagni eru orðnir meðlimir í samtökunum eða alls 298 og eiga þeir 186 báta til veiðanna. Telja má alveg víst, að þessar tölur muni hækka verulega fyrir upphaf næstu grásleppuvertiðar, enda munu samtökin vinna ótullega að því. Hugmyndirnar um útflutningsgjaldið og ráðstöfun þess hafa almennt fengið góðar undirtektir þessara manna.

Í transti þess, að þróunin yrði þessi, sneri stjórn samtakanna sér til sjávarútvegsráðherra með bréfi 13. des. 1979 í framhaldi af ályktun aðalfundar 18. nóvember s. á., þar sem hún fór fram á, að ráðherrann heitti sér fyrir lagasetningu um þessi efni. Árangurinn af þessari málaleitan er frumvarp þetta og er það samið í ráðuneytinu í samráði við framkvæmdastjóra og stjórn Samtaka grásleppuhrognafraamleiðenda.

Áður en hafist væri handa um lokagerð frumvarpsins og raunar einnig annars frumvarps um aflatryggingasjóð grásleppuveiðimanna, sem flutt er jafnframt frumvarpi þessu, þótti nauðsyn bera til, að stjórn og framkvæmdastjóri leituðust við að tryggja sem víðtækasta aðild að samtökunum og samstöðu um þessi lagafrumvörp. Árangurinn hefir orðið sá, sem áður er frá greint.

Saga útflutningsgjalda af sjávarafurðum er orðin æði gömul og verður ekki rakin hér. Útflutningsgjald af söltuðum grásleppuhrognum virðist fyrst vera lagt á með lögum nr. 4/1966 um útflutningsgjald af sjávarafurðum og runnu tekjurnar í hið almenna sjóðakerfi sjávarútvegsins. Hést þetta til ársins 1972, að undanskildu árinu 1968, er ákveðið var að útflutningsgjald af grásleppuhrognum skyldi fellt niður það ár. En með lögum nr. 48/1972, sbr. lög nr. 25/1978, var ákveðið að útflutningsgjald af söltuðum grásleppuhrognum skyldi renna í sjóð til eflingar lagmetisönaðinum og er svo enn. Það lagaákvæði á að falla úr gildi 1. apríl 1981.

Eins og kunnugt er, hefir tekjum af útflutningsgjaldi af sjávarafurðum á seinustu árum verið varið í þágu þeirra greina sjávarútvegsins, sem þau hafa greitt. Þetta hefir þó ekki átt við um útflutningsgjald af grásleppuhrognum. Það hefir eins og áður sagði runnið í hið almenna sjóðakerfi sjávarútvegsins þangað til nú seinustu árin, að því hefir verið varið til eflingar lagmetisiðnaði. Grásleppuhrognaframleiðendur hafa með öllu verið afskiptir sem slíkir af tekjum af gjaldinu. Þeir hafa ekki notið bóta úr Aflatryggingasjóði sjávarútvegsins, Tryggingasjóði fiskiskipa, verið afskiptir um lán úr Fiskveiðasjóði o. s. frv. Þess vegna óska þeir þess nú, að að því leyti sem útflutningsgjald er lagt á afurðir þeirra, verði því varið til eflingar útvegi þeirra. Verður ekki annað séð en að sú ósk eigi fullan rétt á sér. Framleiðendum er ljóst, að margt mætti betur fara í útvegi þeirra og misbrestur sé á ýmsu t. d. varðandi tryggingar sjómanna, lánamál, aflatryggingar o. fl.

Þess vegna er þetta frumvarp flutt.

Verður hér á eftir greint nánar frá þeim ástæðum, sem til grundvallar liggja í greinargerð um einstakar greinar frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. og 2. gr.

Lagt er til að greitt verði 4.5% útflutningsgjald af grásleppuafurðum. Ákvæði þessi eru í sama dúr og gilda um sjávarafurðir almenn. Samkvæmt lögum nr. 2/1980 um útflutningsgjald af sjávarafurðum, sbr. lög nr. 5/1976 um sama efni, er útflutningsgjald 5.5%. Ráðstöfun tekna samkvæmt þeim lögum er nokkuð annars eðlis og viðtækari, en gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu og er það aðalskýringin á því að hér er gert ráð fyrir því að útflutningsgjaldið sé 1% lægra.

Um 3. og 4. gr.

Gert er ráð fyrir því, að ríkissjóður innheimti útflutningsgjald af grásleppuafurðum á sama hátt og hann innheimtir útflutningsgjald af öðrum sjávarafurðum. Jafnframt er gert ráð fyrir því, að ríkishókhald ráðstafi tekium af gjaldinu til einstakra ráðstöfunarþátta eins og síðar kemur fram í frumvarpi þessu.

Í 1. lið 3. gr. er gert ráð fyrir því, að 30% gjaldsins renni til greiðslu á iðgjöldum af líf-, slysa- og örorkutryggingum sjómanna, sams konar þeim, sem samið er um í heildarkjarasamningum sjómanna og útvegsmanna. Grásleppuveiðimenn hafa almennt verið ótryggðir að þessu leyti, einir fiskimanna, og þykir slíkt ekki vansalaust. Könnun ráðuneytisins hefir leitt í ljós, að hægt er að kaupa hóptryggingu af þessu tagi og er hér gert ráð fyrir að hún taki til 600 sjómanna. Iðgjald er nú líklega um 15—17 þús. kr. á mann á mánuði eða 45—51 þús. kr. á mann á venjulegu vertíðartímabili eins og það er nú ákveðið að meðaltali í reglugerð nr. 105/1980. Að jafnaði eru sjómenn við grásleppuveiðar mun færri. 30% af útflutningsgjaldinu er ætlað til að standa straum af þessum iðgjöldum eða um 36 m.kr., en iðgjöldin gætu numið um 27—31 m.kr.

Líklegt er þó, að þegar samið er um svona hóptryggingu. sé hægt að semja um betri kjör en ella, en það er þó haft í huga að byggja þennan tryggingasjóð upp með skjótum hætti og gera hann traustan.

En jafnframt þessu er lagt til í 4. gr. frumv., að þess skuli jafnan gætt, að geymdar skulu $\frac{1}{2}$ hugsanlegra eftirstöðva, ef fyrir hendi eru, til iðgjaldagreiðslna næsta árs með hliðsjón af því, ef afli þess árs kynni að bregðast að marki.

Í 2. lið 3. gr. er gert ráð fyrir að stofnaður verði sérstakur aflatryggingasjóður grásleppuveiðimanna. Þótt þær tölur, sem raktar hafa verið hér áður um aflabrögð, sýni, að þessar veiðar séu nokkuð árvissar, gæti síðar brugðið til beggja vona um þau. Samtök grásleppuhrognaframleiðenda vilja í þessu efni líta til framtíðarinnar, eins og aðrir útvegsmenn og sjómenn. Vilja þeir því í þessu efni stofna til samtryggingarsjóðs, sem gæti varið þá áföllum, ekki síst þegar einstök veiðisvæði verða

illa úti eins og dæmin sanna. Veðurfar og fiskgöngur geta valdið því, að einstakir útgerðarstaðir eða útgerðarsvæði verði illa úti, þótt veiði sé almennt góð. Í þessu efni þarf ekki langt að leita. Þess má geta t. d., að á grásleppuvertíðinni s. l. vor var ríkiandi vestanátt á N.A. miðunum, sem olli því, að grásleppuafli var góður hjá Raufarhafnarbátum, en mjög slakur hjá Þóshafnarbátum. Önnur dæmi þessu lík mætti nefna.

Skipting bótasvæða varðandi grásleppuveiðar yrði með öðrum og ólíkari hætti en á sér stað varðandi Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins. Það er þó ekki alveg ljóst á þessu stigi með hverjum hætti hún yrði eða verður. Þess vegna er gert ráð fyrir því í lagafrumvarpi um sjóðinn, að um þetta verði sett reglugerð, sem breyta mætti eftir reynslu. En ástæða er til að leggja áherslu á, að með þessu ákvæði eru grásleppuframleiðendur að taka á sig samábyrgð, sem gæti varnað því að fáir einstaklingar verði fyrir áföllum, sem þeim yrðu óviðráðanleg án samhjálpar starfsbræðra sinna. Þessum sjóði er ætlað 19% af útflutningsgjaldinu og nemur um 22.8 m.kr. miðað við þær forsendur sem hér er byggt á. Þá er og gert ráð fyrir að sjóðnum sé heimilt að taka allt að 50 m.kr. lán, sem ríkissjóði sé heimilt að ábyrgjast. Það er alls óvíst að til lántöku þurfi að koma og væri það þá helst í upphafi er verið er að koma starfsemi sjóðsins af stað. Þess má geta að hliðstæð lántökuheimild er í lögum nr. 80/1971 um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Þá er lagt til í 3. lið 3. gr. að 18% af útflutningsgjaldi renni til Fiskveiðasjóðs Íslands vegna nýsmíði grásleppuveiðibáta og smíði eða kaupa birgða-, verkunar- og umpökkunarstöðvar.

Grásleppuhrognframleiðendum hefir þótt mikill mishrestur á að þeir fengju lánafyrirgreiðslu hjá Fiskveiðasjóði. Segja þeir að því hafi gjarnan verið borið við, að þeir leggi Fiskveiðasjóði ekki til tekjur eins og aðrar greinar sjávarútvegsins. Vilja þeir nú bæta úr þessu með því að leggja Fiskveiðasjóði til jafnmikinn hlut af útflutningsgjaldi af grásleppuafurðum og nú er lagt til af útflutningsgjaldi af öðrum sjávarafurðum samkvæmt lögum nr. 2/1980. Þeir óska þess, að hin almennu lánaþing verði hin sömu og aðrir njóta að öðru leyti en því, að vextir af þeim hluta tekna, sem koma af útflutningsgjaldinu af grásleppuafurðum, verði eigi hærri en 15% miðað við núverandi vaxtastefnu Seðlabanka Íslands, og jafnframt verði veitt heimild til að veita Samtökum grásleppuhrognframleiðenda lán til allt að 10 ára með sömu vöxtum til að koma sér upp í Reykjavík eða nágrenni birgðageymslu sem gengt getur afar mikilvægu hlutverki.

Framleiðsla grásleppuhrognar er yfirleitt ekki stór í sniðum í einstökum verstöðvum. Framleiðslan fer fram víðs vegar um land, og tiltölulega fáar tunnur framleiddar á hverjum stað. Saltendur hafa yfirleitt ekki aðstöðu til að gæta þess að hárrétt magn sé í hverri tunnu. Þeim getur og sést yfir rétta meðferð vörunnar.

Enginn vafi er á því að með því að fá öll eða mestöll grásleppuhrogn flutt til Reykjavíkur eða nágrennis, t. d. með skipum Skipautgerðar ríkisins, og koma þeim saman á einn stað, myndi skapast möguleiki á að semja m. a. um hagkvæmari flutningskostnað á erlenda markaði. Auk þess myndi skapast aðstaða til að ganga úr skugga um, að fyllstu gæðakröfum sé fullnægt. Loks væri hægt að ganga úr skugga um að hárrétt magn sé í hverri tunnu. Þessi aðstaða myndi einnig skapa möguleika á að gera hagkvæm kaup á tunnum fyrir alla framleiðsluna í heild.

Loks, er til lengri tíma er litið, gæti í slíkri aðalbækistöð farið fram könnun á því, hvaða umbúðir henta kaupendum erlendis best. Einnig mætti gera þar tilraunir með annars konar pakkningar fyrir hrognin, en nú tíðkast, t. d. smærri umbúðir.

Það er e. t. v. ekki vansalaust, að við Íslendingar skulum flytja út mest öll grásleppuhrogn sem hráefni fyrir niðursuðuverksmiðjur erlendis. Íslensk grásleppuhrogn þykja nú orðið úrvalshráefni til niðurlagningar sem „kavíar“, og ekki væri óeðlilegt að kannað yrði, hvort ekki væru möguleikar á stóraukinni fullvinnslu hrognanna hér á landi.

Það er rík ástæða til að ætla, að líklegasti aðilinn til að ná árangri eða stuðla að árangri í því efni séu framleiðendur hrognanna sjálfir. Könnun á þessum möguleika gæti einmitt farið fram í allsherjar birgðastöð Samtaka grásleppuhrognafra­meiðenda með góðri aðstoð t. d. Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og e. t. v. fleiri vísindastofnana.

Hér í greinargerðinni er farið um þetta svo mörgum orðum vegna þess, að talin er brýn nauðsyn á því, að Fiskveiðisjóður Íslands láni fé til byggingar birgðastöðvar þessara samtaka og er enda að auki lagt til að hluti útflutningsgjalds renni til að tryggja rekstur hennar, en að öðru leyti mun hann að sjálfsögðu verða borin uppi af gjöldum fyrir veitta þjónustu.

Í 4. tl. 3. gr. er gert ráð fyrir því að 20% útflutningsgjaldsins gangi til Samtaka grásleppuhrognafra­meiðenda. Er hér um talsverðar tekjur að ræða eða tæplega 24 m.kr. miðað við þær forsendur sem hér hefir verið stuðst við, en til reksturs birgðastöðvarinnar tæpl. 12 m.kr. Með fjölgun meðlima og mjög auknum umsvifum eykst kostnaður af starfsemi S.G.H.F. Verði um tekjuafgang að ræða, sem líklegt er að verði, hefir aðalfundur samtakanna það í hendi sér hverju sinni að ákveða, hvernig honum skuli varið. Gæti það orðið með ýmsum hætti, t. d. að hann yrði lagður til aflatryggingasjóðsins, eða varið til verðuppbóta á framleiðslu ársins. Margt annað mætti sjálfsagt hugsa sér. Félagsgjöld eru lág og nægja ekki fyrir launakostnaði starfsmanns, ferðakostnaði og símaþjónustu. Samtökin hafa hins vegar endurgjaldslaust húsnæði og telexþjónustu hjá Sölustofnun lagmetisiðnaðarins og er þess vegna gert ráð fyrir, að til hennar renni 3% af útflutningsgjaldinu, eða sem svarar um 3.6 m.kr.

Erfitt er að meta alla framanritaða kostnaðarliði. Reynslan verður úr að skera. Þegar hún er fengin, ætti að vera vandalaust að breyta lögnum og laga þau að þörfum þessarar framleiðslugreinar, enda er slíkt ekki fordæmalaust. Varðandi kostnað af rekstri samtakanna, mætti láta sér detta í hug, að í þeirra hlut komi síðar meir sölumeðferð á grásleppufurðum, sem skapaði nægar tekjur til að standa straum af kostnaði við rekstur þeirra. Mætti þá láta sér detta í hug, að þessi 20% rynnu til annarra þátta í þágu grásleppufra­meiðslunnar og gæti orðið til að auka arðsemi hennar í heild eins og áður hefir verið á drepið.

Um 5. til 13. gr.

Þessar greinar fjalla um innheimtu útflutningsgjaldsins og önnur efni, sem eru grundvöllur innheimtunnar. Eru þau nánast alveg samhljóða sams konar ákvæðum í lögum nr. 5 13. febrúar 1976, um útflutningsgjald af sjávarafurðum og þarfnast ekki nánari skýringa.

Um 14. gr.

Í þessari gr. er gert ráð fyrir því, að ákvæði frumv. þessa, ef að lögum verður, taki gildi 1. apríl 1981, en þá falla úr gildi ákvæði gildandi laga um að útflutningsgjald af grásleppuhrognum skuli renna til Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins.

Það er ljóst, að ákvæði frumvarps þessa, ef að lögum verður, verða ekki virk fyrir en í fyrsta lagi að lokinni grásleppuvertíð 1981, er tekjur hafa skapast af útflutningsgjaldinu. Fram að þeim tíma gefst því tóm til að meta þá möguleika, sem það skapar grásleppuhrognafra­meiðendum og til að setja nánari reglur um það, hvernig þeim málum verði helst hagað.